



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Umræðuskjal

nr. 3/2017

Drög að reglum um tæknilega framkvæmdarstaða er varða form gagnaskila
váttryggingafélaga

Umræðuskjalið er sent umsagnaraðilum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri
umsögn eigi síðar en 30. mars nk. Skjalið er einnig birt á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins,
www.fme.is.

**Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á
sérstöku umsagnareyðublaði sem útbúið hefur verið vegna regludraga
þessara.**

Umsagnareyðublaðið má nálgast á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins með því að velja
„Réttarheimildir“-flipann á forsíðu og velja svo flokkinn „Umræðuskjöl“.

Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið fme@fme.is.

9. mars 2017

REGLUR

um tæknilega framkvæmdarstaðla er varða form gagnaskila váttryggingafélaga

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um starfsemi innlendra váttryggingafélaga og starfsemi erlendra váttryggingafélaga hér á landi, sbr. 2. og 3. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi.

2. gr.

Reglubundin gagnaskil

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi skal váttryggingafélag afhenda Fjármálaeftirlitinu gögn og upplýsingar sem nauðsynlegar eru til eftirlits samkvæmt lögnum. Reglur þessar eru settar til að innleiða tæknilega staðla sem mæla fyrir um tíðni og form þeirra gagnaskila.

3. gr.

Birting tæknilegra staðla

Með reglum þessum öðlast gildi hér á landi framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/2450 frá 2. desember 2015 sem mælir fyrir um tæknilega framkvæmdarstaðla er varða form gagnaskila til eftirlitsstjórnvalda.

Fjármálaeftirlitið vísar til birtingar enskrar útgáfu af framkvæmdarreglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/2450 í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins:

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1485447005380&uri=CELEX:32015R2450>

4. gr.

Gildistaka

Reglur þessar eru settar með heimild í 13. mgr. 31. gr. laga um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016. Reglurnar öðlast þegar gildi.

Fjármálaeftirlitinu, xx. mars 2017